

Aðalfundur FEBRANG

23/03/2026

1. Fundarsetning. Finnur Egilsson formaður FEBRANG setur fundinn og býður fundargesti velkomna. Stungið upp á Kristjáni Arasyni sem fundarstjóra og Sigdísí Oddsdóttur og Svavari Haukssyni sem ritara. Samþykkt.
2. Kristján Arason fór yfir dagskrá fundarins. Fundargestir samþykkja dagskrá.
3. Finnur Egilsson og Ásdís Ólafsdóttir lásu skýrslu stjórnar.
4. Einar G. Magnússon fór yfir ársreikning 2025.
5. Ársreikningar samþykktir samhljóða
6. Einar G. Magnússon gjaldkeri gerir grein fyrir tillögu um að árgjald hækki úr 4.000 kr í 4.500 kr. Breytigatillaga kom frá fundargesti um að árgjaldið hækki í 5.000 kr. Fundurinn samþykkir tillöguna með handauppréttingu.
7. Einar G. Magnússon, fyrir hönd stjórn FEBRANG leggur til að lagabreyting þess efnis verði að þeir félagar sem eru 90 ára og eldri verði undanþegnir árgjaldi. Fundurinn samþykkir lagabreytinguna með handauppréttingu.
8. Kosning stjórnar. Atkvæðagreiðsla fór fram þar sem þrjár gáfu kost á sér í stjórn en aðeins tvö laus sæti. Frambjóðendur voru Ásdís

Ólafsdóttir, Jóna Elísabet Sverrisdóttir og Margrét Tryggvadóttir. Sigdís Oddsdóttir og Kristján Arason sáu um talningu atkvæða. Ásdís Ólafsdóttir og Jóna Elísabet Sverrisdóttir fengu áframhaldandi kosningu í stjórn FEBRANG.

9. Önnur mál.

9.1. Margrét Tryggvadóttir las frumsamin brag eftir Þorstein Markússon fyrir félagsmenn.

9.2. Bjarney Elisabeth Sigvaldadóttir þakkaði fyrir félagsskapinn Frjálslegan fíflagang.

9.3. Eggert Valur hélt örstutta ræðu um mikilvægi FEBRANG.

9.4. Anton Kári hélt stutta ræðu um að sveitarfélögin séu viljug til að styðja við bakið á eldri borgurum.

9.5. Finnur Egilsson hvatti félagsmenn til að gefa kost á sér í öldungaráð.

9.6. Einar G. Magnússon þakkaði Héraðsnefnd fyrir rausnarlegt framlag til félagsins.

10. Aðalfundi slitið

11. Hlé

11.1. Kaffiveitingar

11.2. Hringur, kór eldri borgara söng nokkur lög

11.3. Aðalheiður K. Steinadóttir hélt erindi um ofbeldi gegn öldruðum.

11.4. Sigdís Oddsdóttir sagði stuttlega frá því sem er á döfunni í félaginu á næstu vikum og mánuðum.

12. Finnur Egilsson formaður sleit fundi kl. 14.30